


KAUPLIÐBEININGAR

# BETYDLIG/RÄCKA/HUGAD

Gardínustangir og festingar

## EININGAR

Vegg-/loftfestingar  
Festing fyrir gardínustöng  
Gardínustangir  
Endahnúðar



### Einfaldleiki og fjölbreytileiki eiga samleið

Við erum öll með mismunandi þarfir og smekk þegar kemur að því að klæða gluggana á heimilinu. Sama hvaða stíl þú velur þá þarftu alltaf hluti eins og festingar, stangir og endahnúða til að ljúka verkinu.

Þú getur raðað saman mismunandi hlutum úr úrvali okkar til að búa til lausn sem hentar þínum þörfum. Þú getur fest stöngina á vegginn eða upp í loftið til að fá einfalt lag af gardínum. Þú getur svo bætt við festingum fyrir aukastangir á grunnfestingarnar og útbúið þannig glæsilega þriggja laga gardínulausn fyrir stóra glugga.


Festingin og gardínustöngin eru til í tveimur litum: svörtu og hvítu. Þú þarft bara að skipta um endahnúða ef þú vilt breyta um útlit gardínustangarinnar. Skiptu þeim út hvenær sem þér hentar – það er auðvelt og getur breytt miklu

Vörur sem sýndar eru hér gætu verið ófánlegar tímabundið í versluninni. Vinsamlega hafið samband við starfsfólk okkar eða kikið á [IKEA.is](http://IKEA.is) til að fá meiri upplýsingar. Til að fá ítarlegri upplýsingar um vörurnar er hægt að skoða verðmiðann á vörunni eða vefinn okkar. Allar einingar þarf að setja saman.





# SVONA SETUR ÞÚ UPP GARDÍNUR

①




②



1. Hægt er að festa festingarnar á vegg eða upp í loft. Einnig er hægt að stilla festingarnar til eftir því hvort þú vilt hafa gardínurnar alveg við gluggann eða lengra frá. Gardínustangirnar fást í tveimur mismunandi þykktum, þremur lengdum og tveimur litum. Hægt er að stilla lengdina á öllum gardínustöngunum. Heildarútlitid er svo fullkomnað með endahnúðum úr úrvali okkar.

2. Fyrir gardínur í mörgum lögum þarf að bæta við festingum fyrir gardínustöng og svo gardínustöngum.

## SAMSETNINGAR




Einfaldur gluggi, til dæmis 130 cm á lengd, með einfaldri stöng.

### Gardínustangir og festingar

RÄCKA gardínustöng 120–210 cm	302.171.59	1 stk.
BETYDLIG vegg-/loftfesting	602.172.28	2 stk.
RAFFIG endahnúðar, 2 í pakka	202.199.36	1 stk.


# SAMSETNINGAR



Til að loka opinni hirslu. Hægt er að festa festingarnar á upp í loft.

## Gardínustangir og festingar

RÄCKA gardínustöng 120–210 cm	302.171.59	1 stk.
BETYDLIG vegg-/loftfesting	602.172.28	2 stk.
RAFFIG endahnúðar, 2 í pakka	202.199.36	1 stk.




Breiður gluggi, til dæmis 280 cm á lengd, með tvöföldum gardínum – þunnri fyrir innan og þykkari gardínu á ytri stönginni.

## Gardínustangir og festingar

RÄCKA gardínustöng 210–385 cm	702.171.57	1 stk.
HUGAD gardínustöng 210–385 cm	502.171.39	1 stk.
BETYDLIG vegg-/loftfesting	602.172.28	3 stk.
BETYDLIG festing fyrir gardínustöng	502.198.93	3 stk.
RAFFIG endahnúðar, 2 í pakka	202.199.36	1 stk.

# SAMSETNINGAR




Einfaldur gluggi, til dæmis 320 cm á lengd, með þremur lögum af gardínum. Þessi uppsetning býður upp á notkun á fleka-, þunnum og þykkum gardínum á sama tíma.

## Gardínustangir og festingar

RÄCKA gardínustöng 210–385 cm	702.171.57	2 stk.
HUGAD gardínustöng 210–385 cm	502.171.39	1 stk.
BETYDLIG vegg-/loftfesting	602.172.28	4 stk.
BETYDLIG festing fyrir gardínustöng	502.198.93	8 stk.
RAFFIG endahnúðar, 2 í pakka	202.199.36	1 stk.

# ALLAR EININGAR



## BETYDLIG vegg-/loftfesting.

Svart	602.172.28
Hvitt	302.198.89



## BETYDLIG festing fyrir gardínustöng.

Svart	502.198.93
Hvitt	602.198.97



## RÄCKA gardínustöng, 70-120 cm.

Svart	002.171.65
Hvitt	702.213.95



## RÄCKA gardínustöng, 120-210 cm.

Svart	302.171.59
Hvitt	902.171.61



## RÄCKA gardínustöng, 210-385 cm.

Svart	702.171.57
Hvitt	402.171.49




## HUGAD gardínustöng, 120-210 cm.

Svart	302.171.35
Hvitt	102.171.41



## HUGAD gardínustöng, 210-385 cm.

Svart	502.171.39
Hvitt	302.171.40




## BLÁST endahnúðar, 2 í pakka.

Svart	402.172.48
-------	------------



## RAFFIG endahnúðar, 2 í pakka.

Svart	202.199.36
Hvitt	502.171.82



## VÄSENTLIG endahnúðar, 2 í pakka.

Hvitt	002.171.94
-------	------------



## SYRLIG gardínuhringur með klemmu og krók, Ø25 mm, 10 stk í pakka.


Svart	102.172.40
Hvitt	402.240.98



## SYRLIG gardínuhringur með klemmu og krók, Ø38 mm, 10 stk í pakka.

Svart	802.240.96
Hvitt	502.172.38

# MÆLDU GLUGGAN ÞINN



Byrjaðu á að taka mál af glugganum þínum.

## 1. Breiddin.

Þessi mæling ákvarðar lengd gardínustangarinnar eða gardínubrautarinnar.

Mældu breidd gluggans. **a**

Bættu að minnsta kosti við 15 cm hvoru megin við mælinguna **a** til að tryggja að gardínurnar hylji gluggann alveg.

## 2. Hæðin.

Þessi mæling ákvarðar sídd gardínanna eða flekana.

Mældu frá efri brún gluggans og stoppaðu þar sem þú vilt að gardínurnar eða flekarnir nái. **b**

Þumalputtareglan hér er að bæta 15 cm við mælinguna. **b** Festu gardínustöngina eða - brautina 15 cm fyrir ofan gluggann.

Þú getur svo bætt við festingum fyrir aukastangir á grunnfestingarnar og útbúið þannig glæsilega þriggja laga gardínulausn fyrir stóra glugga.



Kíktu á vefinn [IKEA.is](https://www.ikea.is) til að fá upplýsingar um verð.  
Þú getur leitað eftir vörunúmerum!